



## Reglugerð um keppnisráð AKÍS

1. Keppnisráð fyrir hverja keppnisgrein eru skipuð samkvæmt lögum AKÍS.
2. Allir keppnishaldarar sem halda keppni í viðkomandi grein eiga rétt á fulltrúa í keppnisráði þeirrar greinar.
3. Stjórn AKÍS skipar formann, en keppnisráð skal kjósa sér ritara.
4. Keppnisráð sér um að setja og yfirfara reglur fyrir keppnir á vegum þess.
5. Keppnisráð skal almennt leggja breytingar á reglum á vegum þess fram til stjórnar AKÍS þremur vikum fyrir formannafund, þar sem þær eru lagðar fram til samþykktar eða synjunar. Séu þær samþykktar skulu þær birtar á vef AKÍS fyrir áramót sama ár og þær voru samþykktar. Þegar um brýna nauðsyn er að ræða getur stjórn samþykkt breytingar á keppnisreglum.
6. Keppnisráðið getur aðstoðað mótshaldara við túlkun reglna sé eftir því leitað af keppnishaldara, en getur keppnisráðið aldrei átt aðild að framkvæmd keppni. Dómnefnd keppni, þar sem aðstoðar hefur verið óskað frá keppnisráði, skal fara yfir túlkun keppnisráðs og gefa út upplýsingaskýrslu þessu til staðfestingar.
7. Keppnisráð undirbýr verðlaunafhendingu á Íslandsmeisturum ársins í samvinnu við stjórn AKÍS.
8. Keppnisráð skilar tillögum til stjórnar AKÍS varðandi val á akstursíþróttamanni og akstursíþróttakonu ársins samkvæmt reglum þar um.
9. Keppnisráð skulu skila skýrslu til stjórnar AKÍS fyrir formannafund hvert ár.